

Viðmiðunarverðflokkar

Lyfjastofnun raðar samheitalyfjum og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif í viðmiðunarverðflokkum til ákvörðunar greiðsluþátttöku sjúkratrygginga og birtir í viðmiðunarverðskrá.

Við mat sitt á því hvort lyf teljast útskiptanleg tekur Lyfjastofnun m.a. mið af ákvörðunum um jafngildi lyfja sem teknar hafa verið í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, eftir því sem upplýsingar þar að lútandi eru aðgengilegar á heimasíðum viðkomandi stofnana.

Lyfjastofnun flokkar lyf saman í viðmiðunarverðflokk eftir fjölda taflna / hylkja í pakkingu:

1 - 30

31 – 249

250 – og fleiri

Undantekningar frá þessu eru m.a. lyf með mismunandi ábendingar þar sem skammtastærð og meðferðarlengd er mjög einstaklingsbundin s.s. sýklalyf, veirulyf og sveppalyf. Eftir sem áður eru lyf í sambærilegum pakkingum raðað saman, þ.e. 28 og 30 stk. saman, 98 og 100 stk. saman o.s.frv. Pakkningar ætlaðar til lyfjaskömmtnar raðast saman í viðmiðunarverðflokk eingöngu með öðrum sambærilegum pakkingum sem ætlaðar eru til lyfjaskömmtnar. Pakkningar fyrir önnur lyfjaform, s.s. húðkrem, augndropa, nefúðalyf og innöndunarlyf, raðast eingöngu saman í viðmiðunarverðflokk með sambærilegum pakkingastærðum.

Í vafaatriðum er leitað álits Lyfjastofnunar.

Víki Lyfjastofnun frá almennu reglunni sbr. hér að ofan verður slíkt tilkynnt á vef Lyfjastofnunar, ásamt rökstuðningi og upplýsingum um gildistöku ákvörðunar.